# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 5. Febrúar 2020 í klúbbhúsi félagsins og hófst 19:20

**Fundinn sátu:** Árni Áskelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JÞ), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG) mætti 19:40, Sólveig Þorleifsdóttir (SÞ)

**Fundargerð rituðu:** ÓA og HH.

**Dagskrá**

1. Verkaskipting stjórnar.

   Varaformaður, Sigurður Ragnar Guðmundsson

   Ritari, Ólafur St. Arnarsson

   Gjaldkeri, Hulda Stefanía Hólm

   Meðstjórnandi, Sólveig Þorleifsdóttir

   Fyrsti varamaður, Árni Áskelsson

   Annar varamaður, Jóhannes Bergþór Þórarinnsson

2. Ræða afstöðu stjórnar til aðstöðunefndar.

   Tekið af dagskrá.

3. Ákveða árgjald og fara yfir gjaldskrá.

   Félagsgjald fyrir yngri en 18 ára er 5500 kr.

   Siglingagjald á kjölbátum fellt niður.

   Leiga á sal fyrir utanfélagsmenn er 60.000 kr. Þrif innifalin.

   Leiga á sal fyrir félagsmenn er 45.000 kr. Þrif innifalin.

   Kajak bátar geymdir í gámum 15.000 kr. á ári

   Fermeter í porti: 300kr. á mánuði

   Fermeter inni: 400kr. á mánuði

   Geymsla fyrir utanfélagsmeðlimi bönnuð.

   Gestabátaþjónusta mótuð í samráði við hafnarstjóra.

4. Starfsáætlun fyrir árið.

   **Félagsfundir**, ákveðið að halda hið minnsta fjóra félagsfundi á árinu þar sem starfsemi félagsins er kynnt, boðið upp á almenna fræðslu um siglingar og málstofu um væntingar komandi breytinga á siglingaaðstöðu samkvæmt nýútgefnu rammaskipulagi Hafnarfjarðarbæs.

   **Sundlaugardagurinn**, haldin árlega og lánum við Hafnarfjarðarbæ kayaka til að leika með í Ásvallalaug. Markús mun koma þeim til og frá laug.

   **Bjartir dagar**, opið hús. Þarf að gera kynningarefni fyrir þann tíma til að hafa fyrir heimsóknargesti. Hulda og Sólveig taka að sér að koma upplýsingum í bækling og plaköt.

   **Sjómannadagurinn**, aðaldagur ársins. Þarf að manna vel, virkjum félagsmenn.

   **Þjóðhátiðardagurinn**, kayakar. Þarf að manna vel, virkjum félagsmenn.

   **Kænuæfingar**, tvær æfingar í viku til að byrja með, fjölga upp í þrjár með rísandi sól. Spurning um að getuskipta, 8-10 ára og 10-18 ára.

   **Kjölbátaatburðir**, tveir hittingar á viku, virkur dagur m/fræðslukvöld og siglingar á laugardögum

   **Kayakatburðir**, hittingar í hádeginu á fimmtudögum og oftar með rísandi sól.

   **Námskeið**, kjölbátar, kænur, Hæfur Háseti, Skemmtibátanámsk. verklegi hlutinn.

   ATH nákvæmari útfærsla færð til næsta stjónarfundar.

5. Kynningarmál.

   Tekið af dagskrá.

6. Sundlaugardagurinn í Hafnarfirði.

   Sjá lið nr. 4

7. Ráðning þjálfara fyrir kænudeildina.

   Tekið af dagskrá

8. Skipun formanna nefnda.

   Tekið af dagskrá

9. Aðkoma formanna deilda að stjórnarstörfum.

   Tekið af dagskrá

10. Beiðni um tvo kajaka frá Hf vegna Sundlaugarnætur í Ásvallarlaug

    Tekið af dagskrá

# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

11. <u>Fráfarandi gjaldkeri skilar af sér.</u>

    Fráfarandi gjaldkeri mætti 20:30 og kom viðeigandi gögnum til núverandi gjaldkera.

Næsti stjórnarfundur boðaður 19. febrúar klukkan 19:15

Fundi slitið klukkan 20:45